

**Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra 18. Febrúar 2013 kl. 17.30**

**Mættir:** Helga Ragnarsdóttir, Kristinn Þór Guðbjartsson, Inga Ýr Ingimundardóttir, Sigurbjörn Þórisson, Áshildur Linnet, Marta Guðrún Jóhannesdóttir, Hrafnhildur Ýr Hafsteinsdóttir, Svava Bogadóttir, skólastjóri og Hálfdan Þorsteinsson aðstoðarskólastjóri.

**Fundarefni:** Væntingar skóla til félagsins og dagskrá fram að vori.

Rætt var um mikilvægi samstarfs skóla og foreldra og almennt um starfsemi félagsins í starfi skólans. Rætt um að auka þátt félagsins í fræðslu og þá sérstaklega til foreldra.

Stungið uppá 2 fyrirlestrum og umræða um þá. Hópurinn hallast að örnmámskeiði Kolbrúnar Baldursdóttur um forvarnir gegn kynferðisofbeldi. Rætt um að prufa nýjan fundartíma og bjoða til morgunverðarfundar og örnmámskeiðs kl. 8.15-9.00 til að reyna að ná til fleiri foreldra og aðstandenda.

Foreldrafélag ákveður að bjóða uppá meðlæti með fundinum í tilraun til að skapa góða stemmingu. Skóli sér um kaffi. Tillögur að dagsetningum ræddar og í framhaldi ákveðið að hafa samband við Kolbrúnu og athuga með dagsetningarnar 26.2 eða 7.3. Svava sendir e-mail og sér um samskipti.

Umræða um foreldraröltið. Hefur ekki verið á þessum vetri. Ef áhugi er á að koma því aftur á þá þarf það að vera í samstarfi við Stefán í félagsmiðstöð eins og áður.

Tónlist fyrir alla: mikill áhugi á að bjóða uppá þetta fyrir krakkana. Hugsanlegt að fá mótframlag frá Félagi íslenskra hljómlistamanna. Marta tekur að sér að kynna sér málið. Svava sendir fyrirspurn á Tónlist fyrir Alla og fylgir eftir svari.

Rætt um að auka þrýsting fyrir meiri tónlistakennslu við skólann og að félagið styðji við óskir skólans til að efla þessa kennslu.

Fleira ekki rætt og fundi slitið um kl. 18.50

Fundargerð ritar Hrafnhildur Ýr Hafsteinsdóttir

Inga ÝR  
Hrafnhildur  
Hafsteinsdóttir